

## **40. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldin á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3 Þórshöfn, fimmtudaginn 22. ágúst 2013 kl.13:00**

Mætt eru: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson, Jón Arnar Beck, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesóttir sem ritaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

#### **1. Lóðaumsókn**

Umsókn liggur fyrir frá Aðalbirni Arnarssyni og Þórði Þórðarsyni vegna lóðar austan við Háholt 2. Fyrirhugað er að reisa þar hús sem verður ca 30 m breitt og 15 metra langt. Húsið verður í byggingarflokk 3.

Lagt var fyrir nefndina kort svæðinu og nefndin ræddi legu hússins og staðsetningu.

Umrædd lóð sem sótt var um er samkvæmt aðalskipulagi inn á íbúðasvæði.

Sveitarstjóra falið að ræða við umsækjendum hvaða möguleikar eru í stöðunni varðandi lóðir og svara þeim til um kostnað vegna lóðarinnar.

#### **2. Bréf frá sóknarnefnd Langanesprestakalls**

Ljóst að fyrsta skrefið í nýjum kirkjugarði við Þórshafnarkirkju er að láta gera deiliskipulag fyrir þetta svæðið. Rétt er að skipulagsfræðingur leggi fram tillögu um stærð. Í framhaldi yrði kannað hvað framræsing myndi kosta.

Umhverfis- og skipulagsnefnd leggur til að farið verði í deiluskipulagningu á kirkjugarðinum sem fyrst

Samþykkt samhljóða.

#### **3. Minnisblað frá EFLU vegna sorpmála.**

Ólafur kom með smá inngang að þessu minnisblaði.

Ólafur fór á fund á Bakkafjörð og fékk frá íbúasamtökum Bakkafjarðar spurningar sem ákveðið var að senda til úrvinnslu hjá Eflu. Þeir minnispunktarnir voru ræddir og sorpmál í Langanesbyggð rædd.

Umhverfis- og skipulagsnefnd þarf að fá frá sveitarstjóra hvernig samningurinn við Íslenska Gámafélagið er og hvaða möguleikar eru í moltugerð á Þórsöfn og á Bakkafirði.

Íbúafundur verður á Bakkafirði í kvöld þar sem fjallað verður um minnisblaðið. Ólafur Steinarsson sveitarstjóri og Steinunn Leósdóttir formaður umhverfis og skipulagsnefndar munu sitja þann fund.

Fundagerð upplesin

Fundi slitið kl 14:15